

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. apríl 2005

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um skipan ferðamála, 735. mál.**


**d. liður 2. mgr. 9. gr.** Neytendasamtökin leggja til að til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu megi umsækjandi ekki hafa á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota. Mun vægari krafa er gerð í frumvarpinu í d.lið 2. mgr. 9. gr. þar sem kemur fram að til að öðlast leyfi þurfi umsækjandi að hafa forræði á búi sínu. Fimm ára reglan þekkist vel, t.d. í lögum um váttryggingastarfsemi, lögum um fjármálafyrirtæki og í nýlegu frumvarpi til laga um miðlun váttrygginga. Telja Neytendasamtökin ástæðu til að gera ríkar kröfur til fjárhagslegrar stöðu þeirra sem fá leyfi til rekstrar ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu.

**14. gr.** Með frumvarpinu er lagt til að heimflutningur þeirra sem keypt hafa sér leiguflyg af ferðaskrifstofum verði ekki tryggður sérstaklega eins og verið hefur, sbr. 6. mgr. 14. gr. núgildandi laga um skipulag ferðamála nr. 117/1994. Leggja Neytendasamtökin til að ekki verði fallið frá núverandi framkvæmd enda ekki rök til þess að skerða neytendavernd með þeim hætti sem lagt er til.

**4. mgr. 16. gr.** Neytendasamtökin telja að gera mætti orðalag ákvæðisins skýrara. Þar segir orðrétt: *Hafi tryggingafé verið notað til að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur ekki teknar til greina.*

Til að taka af allan vafa telja Neytendasamtökin rétt að umorða ákvæðið með eftirfarandi hætti: *Hafi tryggingafé verið notað til að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflegan samning eru frekari kröfur í trygginguna ekki teknar til greina.*

Neytendasamtökin gera ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,  
  
Iris Ösp Ingjaldsdóttir, hdl.